

## 242. Stjórnarfundur Lagnafélags Íslands

<b>Fundarefni:</b>	Skv. dagskrá fundar		
<b>Fundardagur:</b>	27.01.2014	<b>Fundartími:</b>	12.00 – 13.00
<b>Fundarstaður:</b>	Vatnagarðar 20, Reykjavík	<b>Fundarritari:</b>	Kristján Oddur
<b>Fundarmenn:</b>	Kristján Ottósson (KO), Sveinn Áki Sverrisson (SÁS), Kristján Oddur Sæbjörnsson (KOS), Helgi Pétursson (HP), Birgir Hólm (BH), Guðmundur Páll Ólafsson (GPÓ), Jón Guðmundsson (JG) og Gunnar Sigurðsson (GS)		
<b>Forföll:</b>	Engin forföll		

1. Fundur settur.
2. Myndataka. Myndir teknar af stjórn félagsins.
3. Ráðstefna um brunamál. Stefnt að því að halda ráðstefnu á komandi tíð um brunamál, eins og rætt hefur verið um. Rætt um að halda hana á virkum degi, seinni part dags.
4. Lagnakerfamiðstöð Íslands. HP og SÁS stefna á að fara upp í LKÍ á morgun til að fara yfir stöðuna búnað þar. Allir stjórnarmenn sem hafa tök á að koma eru hvattir til þess. Hingað til hefur ekkert gerst varðandi loftræsibúnað stöðvarinnar.
5. Fundur með fagráðunum. Boðað verður á komandi tíð til stjórnarfundar með öllum aðilum fagráðanna þriggja. Tilgangur fundarins er að fá hugmyndir meðlima fagráðanna og stjórnar um áframhaldandi starf Lagnafélagsins.
6. Námskeið fyrir eldri borgara. KO hefur ákveðið að halda námskeið fyrir íbúðir í Árskógum 6-8 í Reykjavík, en það eru yfir 102 íbúðir þar. Námskeiðið verður með svipuðum hætti og fyrri námskeið Kristjáns. Þetta verður fræðslufundur fyrir notendur um stjórnþæki hitakerfa sbr. Lagnafréttir 43, [http://www.lafi.is/gogn/Lagnafrettir\\_pdf/Lagnafrettir-43.pdf](http://www.lafi.is/gogn/Lagnafrettir_pdf/Lagnafrettir-43.pdf)
7. Námskeið hjá Iðunni. Námskeiðið „Afhending lagnakerfa“ verður haldið á komandi tíð hjá Iðunni. Kennari: Sveinn Áki Sverrisson. BH bætir við að Iðan mun stefna að því að halda námskeið á sviði lagnakerfa þrátt fyrir að þátttaka verði lítil.
8. Framundan. **Það heyrir ekkert frá stjórnarmönnum**, til að skrifa í Fréttabréfið og á Heimasíðu og Facebook. Kallað er eftir greinum frá ykkur félagar úti á markaðnum, hjá ykkur er þekkingin.
9. Önnur mál. Rætt um ýmis mál, útfra frágangi og afhendingu lagnakerfa.

Boðað verður til næsta stjórnarfundar síðar.